

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur um styrki til að sporna við atvinnuleysi.

1. *Hversu mörg sveitarfélög hafa sótt um styrki til svæðisvinnumiðlana vegna sérstakra verkefna til að sporna við atvinnuleysi?*

Árið 2003 sóttu 30 sveitarfélög um styrki til svæðisvinnumiðlana vegna sérstakra verkefna til að sporna við atvinnuleysi. Fengu þau öll styrki en fjögur þeirra nýttu sér ekki veitta styrki. Þar af leiðandi fengu alls 26 sveitarfélög styrki árið 2003.

2. *Hversu mörg sveitarfélög hafa fengið slíka styrki, hver er fjöldi verkefna á vegum þeirra og hver er skiptingin eftir landsvæðum?*

Verkefni á vegum þeirra 26 sveitarfélaga sem fengu styrki árið 2003 voru samtals 67. Skipting sveitarfélaga og verkefna eftir landsvæðum var eftirfarandi:

	Fjöldi	
	Sveitarfélög sem fengu styrki	Styrkt verkefni
Höfuðborgarsvæðið	0	0
Suðurnes	4	8
Vesturland	5	24
Vestfirðir	4	5
Norðurland vestra	5	10
Norðurland eystra	3	9
Austurland	2	2
Suðurland	3	9
Samtals	26	67

Heimild: Vinnuálagstofnun.

3. *Hversu margir voru á atvinnuleysissskrá annars vegar í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki og hins vegar þeim sem fengu ekki styrki?*

Að meðaltali var fjöldi einstaklinga án atvinnu 31,7 í sveitarfélögum sem fengu styrki árið 2003 en 50,9 í sveitarfélögum sem sóttu ekki sérstaklega um styrki. Þar skiptir máli að engin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sóttu um styrki af þessu tagi en þar eru fjölmennustu sveitarfélögin og flestir atvinnulausir. Þegar litið er til einstakra svæða kemur í ljós að mun fleiri eru að jafnaði á atvinnuleysissskrá í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki en þeim sem ekki sóttu um styrki. Enn fremur virðist sem fjölmennari sveitarfélögin sækja frekar um styrki til sérstakra verkefna en þau fámennari. Taflan hér að neðan sýnir meðalfjölda atvinnulausra í mánuði í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki og í öðrum sveitarfélögum, skipt eftir landsvæðum.

	Meðalfjöldi atvinnulausra á mánuði	
	Sveitarfélög sem fengu styrki	Önnur sveitarfélög
Höfuðborgarsvæðið	-	424,3
Suðurnes	81,3	13,8
Vesturland	28,0	2,0
Vestfirðir	17,4	2,3
Norðurland vestra	16,4	0,6
Norðurland eystra	96,9	6,4
Austurland	34,5	5,5
Suðurland	35,5	12,2
Samtals	31,7	50,9

Heimild: Vinnumálastofnun.